

Eignastýring þjóðvegakerfisins – greining áhrifa og ávinnings.

Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar 2013 – Ágrip af erindi

Árni Freyr Stefánsson – Mannvit
arnis@mannvit.is

Eins og nafn verkefnisins gefur til kynna er markmið þess að greina áhrif og ávinning á innleiðingu aðferðafræði eignastýringar, þ.e. bókhaldslegu utanumhaldi vegakerfisins. Verkefnið var byggt upp á þann veg að fyrsti hluti þess var könnun á reynslu og aðferðafræði annarra landa. Útbúin var tillaga að dæmigerðu eignastýringarferli sem gæti hugsanlega verið grundvöllur að íslensku ferli. Í samvinnu við tengiliði verkefnisins hjá Vegagerðinni var svo núverandi stjórnun íslenskra vega greind og hún borin saman við hið dæmigerða eignastýringarferli. Að lokum er svo kafli um hugsanlegan ávinning og kostnað sem eignastýring gæti haft í för með sér.

Kynning á hugtakinu - eignastýring


Í stuttu máli er eignastýring aðferðafræði sem gerir okkur kleift að hámarka hugsanleg nyt af eignum. Til þess að geta gert það verða stjórnendur að hafa örugga vitneskju um ástand eigna og um líklegan árangur áætlana og aðgerða. Á mynd 1 má sjá uppröðun helstu aðgerða innan eignastýringarkerfis. Hver aðgerð inniheldur marga verkþætti, tæki og tól sem get verið ráðandi fyrir fleiri en eina aðgerð.

Eignastýring vega er hugtak sem kom fram fyrir rúmlega 15 árum síðan og á rætur sínar í tilraunir vegamálayfirvalda víða um heim til að bæta yfirsýn og rekstur þeirra verðmæta sem liggja í vegakerfum.

Núverandi staða

Við samanburð á hinu dæmigerða eignastýringaferli og þeirri stýringu sem nú er beitt á íslenska vegi kemur í ljós að mikið af þáttum eignastýringar eru í raun til í dag. Það helsta sem útaf stendur er eftirfarandi:

- Íslenskir vegir eru ekki verðmetnir.
- Enginn einn miðlægur gagnagrunnur er til fyrir allar upplýsingar er varðar stjórnun vega.



Mynd 1: Aðgerðir innan eignastýringarkerfis (aðlagð frá OECD, 2001)

- Lítil skipulögð endurskoðunarvinna á aðgerðum og áætlunum.

Áhrif og ávinningur

Lokakafli skýrslunnar fjallar um hugsanleg áhrif og ávinning sem eignastýring vege getur haft í för með sér. Eignastýring vege á að skila betri og áreiðanlegri upplýsingum til þeirra sem eiga að taka ákvarðanir. Talsvert af gögnum er til um raunverulegan og hugsanlegan ávinning af eignastýringu. Í eðli sínu er erfitt eða ómögulegt að reikna nákvæman „hagnað“ af henni, en vegna þess hve miklir fjármunir eru í húfi getur bætt ákvarðanataka á í stjórnun á ráðstöfun þeirra þýtt umtalsverðar fjárhæðir. Þeir þættir sem helst eru nefndir sem ávinningur af eignastýringu eru:

- Aukið gegnsæi á ástandi vegakerfisins.
- Auðveldari réttlæting fjárfestinga í vegum.
- Aukinn skilningur á kostnaði þjónustustiga.
- Bætt ákvarðanataka.
- Bætt áætlanagerð.
- Lægri samfélagsleg útgjöld.
- Þróun í starfi og rekstri.

Að vissu leiti er kostnaðurinn sýnilegri og auðreiknanlegri en hugsanlegur ávinningur. Það helgast af því að helstu kostnaðarliðir tengjast sérhæfðu starfsfólki, nýjum tækjum og búnaði og hugsanlegum kaupum á sérfræðiþjónustu. Ekki eru eins margar heimildir til um kostnað eins og eru til um ávinning, en það sem skýrsluhöfundar komu auga á var þetta helst:

- Þróun og undirbúningur eignastýringakerfis fyrir íslenskar aðstæður.
- Þjálfun starfsfólks / nýtt starfsfólk.
- Nýr hugbúnaður og mælitæki.
- Stjórnunarkostnaður.

Að mati skýrsluhöfunda er eignastýring vege vænlegur kostur fyrir Vegagerðina og stjórnvöld til þess að mæta markmiðum sínum um hagkvæmar samgöngur. Aukin samþjöppun upplýsinga í einn miðlægan gagnagrunn eykur hæfni okkar til þess að greina áætlanir og aðgerðir og styðja við þá viðleitni að forgangsraða með hliðsjón af félagshagfræðilegri greiningu. Óumflýjanlegt er að nokkur kostnaður hljótist af því að innleiða þessa nýju aðferðafræði. Þekking og reynsla sem skapast hefur hjá nágrannaþjóðum okkar á þessu sviði ætti að nýtast okkur vel og til þess að lágmarka áhættu af kostnaði.